

Reykjavík 24. september 2013

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi.

142. löggjafarþing 2013. Þingskjal 96 — 37. mál.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi fagna tillögu til þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi. Samtökin telja mjög mikilvægt að komið verði á slíku úrræði og þannig verði öllum börnum á Íslandi tryggð örugg umönnun og menntun eftir að fæðingarorlofi foreldra þeirra lýkur. Með því að tryggja öllum börnum leikskólavist strax eftir að fæðingarorlofi lýkur, er eytt þeirri óvissu og óöryggi sem íslenskir foreldrar hafa til þessa þurft að standa frammi fyrir að loknu fæðingarorlofi.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á þá grundvallarreglu barnaréttarins og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að ávallt beri að hafa hag og þarfir barnsins að leiðarljósi þegar málefni þess eru ráðin, sama hver þau eru og ekki skuli mismuna börnum vegna aðstæðna þeirra eða foreldra þeirra. Í þingsályktunartillögunni er vitnað til lögfestar markmiðslýsingar íslenskra leikskóla. Þar er getið að í leikskólum skuli velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi og skulu starfshættir mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar. Barnaheill - Save the Children á Íslandi vilja að tryggt sé að börnum í íslenskum leikskólum sé ekki mismunað eftir stöðu þeirra eða foreldra þeirra s.s. vegna trúar.

Samtökin leggja jafnframt mikla áherslu á að á leikskólum verði þörfum barnanna mætt miðað við aldur þeirra og þroska.

Virðingarfyllt

f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir
framkvæmdastjóri